

SIÐANEFND BLAÐAMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

Mál nr. 6/2022-2023

Kærandi: Höskuldur Guðmundsson

Kærðu: DV og Ágúst Borgþór Sverrisson.

Kæruefni:

Umfjöllun DV um uppgröft lögreglustjórans á Vestfjörðum á líkamsleifum manns sem lést í bílslysi þegar leigubíll fór út af Óshlíðarvegi 23. september 1973. Kærandi var ökumaður bifreiðarinnar þegar slysið átti sér stað.

Málsmeðferð:

Málið var kært til Siðanefndar með bréfi lögmanns kæranda dags. 30. júlí 2022. Leitað var andsvara kærðu, sem bárust með bréfi, dags. 9. ágúst 2022. Siðanefnd ræddi málið á fundum sínum 6. september, 27. september og 18. október 2022.

Málavextir:

Í maí 2022 lét lögreglustjórinn á Vestfjörðum grafa upp líkamsleifar manns sem lést þegar bifreið sem kærandi ók fór út af Óshlíðarvegi árið 1973. Fréttaflutningur um málið hófst í kjölfar fréttatilkynningar lögreglu um uppgröftinn og kom sú umfjöllun illa við kæranda.

DV birti fréttir um málið í lok maí og júní. Kærandi telur umfjöllunina alla brjóta í bága við 3. og 4. grein siðareglna Blaðamannafélags Íslands þar sem ekki hafi verið gætt fyllstu tillitssemi í svo viðkvæmu máli. Umfjöllunin í heild er kærð, en þó eru sérstaklega tilgreindar fjórar greinar sem DV birti. Kærandi nefnir sérstaklega nafnbirtingu og ógætilega framgöngu gagnvart kæranda. Þá gangi blaðamaður of langt í að draga ályktanir um að kærandi sé undir rannsókn lögreglu eða sé grunaður um að hafa orðið Kristni Hauki Jóhannessyni að bana.

Rétt er að taka fram að þó fjórar greinar séu tilgreindar sérstaklega er öll umfjöllun DV um málið kærð til Siðanefndar.

Kærandi tekur fram að hann hafi leitað til fjölmiðilsins um leiðréttingar en engin svör fengið.

Kærðu færðu fram andsvör í bréfi sem barst Siðanefnd þann 9. ágúst 2022.

Kærðu telja sig ekki hafa brotið siðareglur BÍ. Kærandi hafi áður komið fram í viðtölum á öðrum miðlum. Hann hafi ekki gert athugasemdir við að blaðamaður hefði eftir honum ummæli og ekkert hafi bent til þess að hann væri því mótfallinn að vera nafngreindur.

Hvað annan kærulið varðar, telja kærðu umfjöllun um ástand bifreiðarinnar ekki brot á siðareglum. Kærðu höfðu samband við tvo sérfræðinga í bílatjónum og höfðu ummælin eftir þeim.

Þriðji kæruliður, að í DV sé því haldið fram að kærandi sé grunaður um að hafa orðið Kristni Hauki Jóhannessyni að bana, sé ekki á rökum reistur. Því sé ekki haldið fram í DV að kærandi hafi réttarstöðu sakbornings heldur megi draga þá ályktun eftir samtöl við sérfræðinga að málið sé til rannsóknar vegna þess að grunur sé um manndráp, enda sé stór ákvörðun að taka rannsókn málsins upp að svo löngum tíma liðnum og önnur brot komi ekki til greina. Það sé óhjákvæmilegt að draga aðra ályktun en þá að grunur kunni að hafa fallið á kæranda, líkt og hann bendi sjálfur á í viðtali við DV.

Umfjöllun:

Uppgröftur lögreglu á nær fimmtíu ára gömlum líkamsleifum er fréttæmur atburður sem á erindi við almenning og því eðlilegt að fjallað sé um málið í fjölmiðlum þó umfjöllunin kunni að valda aðilum málsins óþægindum.

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands fellst á þau sjónarmið kærðu að ekki hafi verið ástæða til að ætla að kærandi væri mótfallinn nafngreiningu, enda hafði hann áður veitt fjölmiðlum viðtöl og nafn hans komið fram áður. Í andsvörum kærða kemur fram að í samtali við blaðamann hafi kærandi enga athugasemd gert við að höfð væru eftir honum ummæli.

Í umfjöllun um ástand bifreiðarinnar er vísað til viðmælenda sem samkvæmt andsvörum kærðu eru sérfræðingar í bílatjónum. Siðanefnd hefur í nokkrum fyrri úrskurðum áréttað það mat sitt að blaða- og fréttamenn verði ekki taldir ábyrgir og þá brotlegir vegna orða viðmælenda sinna, enda viðkomandi ummæli rétt eftir höfð. Nefna má mál 5/2021-2022 og mál 2/2018-2019, auk eldri fordæma.

Það sama gildir að mestu um þær ályktanir sem dregnar eru í umfjöllun DV að ástæða þess að málið sé tekið til rannsóknar að nýju sé grunur um manndráp. Sú ályktun er bæði höfð eftir viðmælenda DV, en kærandi dregur þá ályktun jafnframt sjálfur í viðtali við DV. Þó telur Siðanefnd að í grein sem birtist á DV 2. júní 2022 undir fyrirsögninni „Valdimar ósáttur við rannsókn lögreglu á Óshlíðarharmleiknum - „Þetta er mannorðsmorð á öldruðum manni““ taki kærðu full djúpt í árinna með orðunum: „Valdimar Lúðvík Gíslason, leigubílstjóri frá Bolungarvík, er samtímamaður, kollegi og sveitungi leigubílstjórans Höskuldar Guðmundssonar, sem núna er undir rannsókn lögreglu, vegna dauða Kristins Hauks Jóhannessonar“. Að mati Siðanefndar er óþarflega langt gengið að segja að kærandi sé persónulega undir rannsókn lögreglu vegna manndráps.


Kærandi tekur fram að hann hafi leitað til fjölmiðilsins um leiðréttingar en engin svör fengið. Það er, að mati siðanefndar, óásættanlegt að slíkum athugasemdum sé ekki sinnt.

Málið sem hér er til umfjöllunar er sannarlega bæði afar viðkvæmt og alvarlegt og því verður að gera þá kröfu til fjölmiðla að þeir fari að öllu með gát í umfjöllun sinni. Meirihluti siðanefndar telur þó, þegar litið er heildsætt á umfjöllun kærðu, að kærðu hafi ekki brotið siðareglur. Einn siðanefndarmanna, Sigríður Árnadóttir, telur að kærðu hafi brotið gegn 3. grein siðareglna með því að segja að kærandi sé persónulega undir rannsókn lögreglu vegna manndráps.


Úrskurður:

Kærðu, DV og Ágúst Borgþór Sverrisson hafa ekki brotið siðareglur BÍ.


Reykjavík, 18. október 2022.




Friðrik Þór Guðmundsson



Ásgeir Þór Árnason




Pálmi Jónasson



Emma Björg Eyjólfsdóttir

Sérálit

Ég, undirrituð, er sammála meirihluta Siðanefndar, allt þar til kemur að því að draga ályktanir af þeim orðum kærðu í grein, dags. 2. júní 2022, að leigubílstjórinn, sem er nafngreindur, sé undir rannsókn lögreglu, vegna dauða Kristins Hauks Jóhannessonar. Kærðu höfðu ekki forsendur til að fullyrða þetta án fyrirvara og sýna raunar gögn málsins að þessi fullyrðing er röng. Því tel ég að með þessu hafi kærðu gerst brotlegir við 3. grein siðareglna og telst brot þeirra ámælisvert.



Sigríður Árnadóttir